

SEXTÁNDA TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 93/47/EBE**frá 22. júní 1993****um aðlögun að tækniframförum á II., III., V., VI. og VII. viðauka við tilskipun ráðsins 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 92/86/EBE ⁽²⁾, einkum 2. mgr. 8. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga er annars vegar heimilt að leyfa endanlega útfjólublá geislasíuefni en hins vegar ber að banna endanlega ákveðin efni, rotvarnarefni og útfjólublá geislasíuefni sem hafa verið leyfð til bráðabirgða eða leyfa þau áfram í tiltekinn tíma.

Til að tryggja almannaheilbrigði er nauðsynlegt að banna notkun á 4-amínó-2-nítrófenóli.

Á grundvelli nýjustu vísinda- og tæknirannsókna er heimilt að nota strontíumperoxíð og fenólfalín með tilteknum takmörkunum að því tilskildu að varað sé við heilsuspillandi áhrifum þeirra á merkimiðanum.

Á grundvelli nýjustu vísinda- og tæknirannsókna má nota 3-mídasól-4-ýlakrýlsýru og etýlestera hennar sem útfjólublá geislasíuefni í snyrtivörur til 30. júlí 1994 með tilteknum takmörkunum og skilyrðum.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit nefndar um að laga að tækniframförum þær tilskipanir er fjalla um afnám tæknilegra hindrana á viðskiptum með snyrtivörur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 76/768/EBE:

1. eftirfarandi nr. bætist við í II. viðauka:
„412. 4-amínó-2-nítrófenól“;
2. í 1. hluta III. viðauka bætist:
 - a) málsliðurinn: „Notið viðeigandi hlífðarhanska“ við nr. 8, 9 og 10 í b-lið í f-dálki;
 - b) málsliðurinn: „a) Notið viðeigandi hlífðarhanska“ við nr. 12 í f-dálki;
3. eftirfarandi nr. bætist við í 2. hluta III. viðauka:

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 169.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 325, 11. 11. 1992, bls. 18.

a	b	c	d	e	f	g
„1	Strontíum-peroxíð	Hárnæringarvörur skolaðar burt eftir notkun, til faglegra nota	4,5% reiknað sem strontíum í vörinni, tilbúinni til notkunar	Allar vörur skulu uppfylla kröfur um losun vetnisperoxíðs	— aðeins til faglegra nota — Varasamt fyrir augu — Skolið augun án tafar ef efnið kemst í þau	30. 6. 1994“

a	b	c	d	e	f	g
„3	Fenólftalín(*) [3,3-Bis(4-hýdroxýfenýl)ftalíð]	Tannkrem	0,04%			30. 6. 1994“

4. eftirfarandi orð bætist við á eftir orðunum „III. viðauki (1. hluti)“ í nr. 5 í V. viðauka: „strontíum-peroxíð samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í nr. 1 í 2. hluta III. viðauka, ...“;
5. í 2. hluta VI. viðauka komi „30. júní 1994“ í stað „30. júní 1993“ í nr. 2, 15, 16, 21, 26, 27, 28, 29, 30;
6. í 1. hluta VII. viðauka:
- a) bætist eftirfarandi tilvísunarnúmer við:

a	b	c	d	e
„8	1-(4-tert-bútýlfenýl)-3-(4-metoxýfenýl)própan-1,3-díón	5%“		

- b) falli nr. 5 niður;
7. í 2. hluta VII. viðauka:
- a) bætist eftirfarandi númer við:

a	b	c	d	e	f
„33	3-ímídasól-4-ýlakrýlsýra og etýlester hennar	2% (táknad sem sýra)			30. 6. 1994“

- b) falli nr. 31 niður;
- c) komi „30. júní 1994“ í stað „30. júní 1993“ í nr. 2, 5, 6, 12, 13, 17, 24, 25, 26, 28, 29, 32.“

2. gr.

1. Með fyrirvara um dagsetningarnar sem um getur í 1. gr. skulu aðildarríkin gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að frá 1. júlí 1994, að því er varðar efnin sem um getur í 1. gr., geti hvorki framleiðendur né innflytjendur sem staðfestu hafa innan bandalagsins markaðssett vörur sem standast ekki kröfur þessarar tilskipunar.

2. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að eftir 30. júní 1995 verði hvorki hægt að selja né láta af hendi við neytendur vörurnar sem um getur í 1. gr. ef þær innihalda efnin sem um getur í 1. gr., nema þær standist kröfur þessarar tilskipunar.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 1994. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.
2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.
3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. júní 1993.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Christiane SCRIVENER

framkvæmdastjóri.
